

Nr. 012/ 09 Herjólfur***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS
Slysaskýrsla frá skipi

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. janúar 2009 var Herjólfur á siglingu frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Veður: SA 7 m/s

Bryti var við störf í eldhúsi þegar hann rann til í bleytu, rak höfuðið í innréttingu og féll í gólfið á hægri öxl og handlegg. Hann varð óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn kvaðst hafa farið óvarlega um blautt svæði sem var verið að þrífa með sápuvatni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.